



ÍSTAK byggir skóla í Nuuk

Í gær var undirritaður samningur á milli ÍSTAKS og NCD í Nuuk um byggingu nýs skóla í Nuuk á Grænlandi.

Við

erum sérstaklega stolt og ánægð með að hafa landað þessu verkefni en við val á verktaka var tekið tillit til verðs, útfærslu og rekstrarkostnaðar.

Samningurinn er upp á 615 MDKK og er því einn af stærstu samningum sem að

Ístak

hefur tekið að sér. Einnig er þetta stærsti samningur sem að bæjarfélagið Nuuk hefur sett í verk.

Byggingin

rís við aðalgötuna í Nuuk, við hlið Hótelis Hans Egede, en skammt frá eru einnig aðalverslunarmiðstöð bæjarins og skrifstofur landsstjórnar Grænlands.

Þetta

verður stærsta skólabygging landsins, samtals sextán þúsund fermetrar, og mun bæði þjóna sem leik- og grunnskóli en jafnframt sem íþrótta- og menningarmiðstöð á kvöldin og um helgar fyrir bæjarbúa, sem fá aðgang að svokölluðu hjartarými byggingarinnar og íþróttasal. Verður þetta því bygging sem mun þjóna öllum bæjarbúum, bæði ungum og öldnum



Karl Andreassen, framkvæmdastjóri Ístaks, Charlotte Ludvigsen, borgarstjóri sveitarfélagsins Sermersooq, sem Nuuk tilheyrir, og Hermann Sigurðsson yfirverkfræðingur Ístaks á verkstað.



Rými verður fyrir 1.200 nemendur í grunnskólanum. Utan skólatíma nýtast

húsakynnin sem menningarmiðstöð bæjarbúa.